

Alþingi  
Efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

11.12. 2008

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, með síðari breytingum, 212. mál.**


Samkvæmt frumvarpinu geta félög sótt um heimild ársreikningaskrár fyrir 15. desember 2008 til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli annars vegar vegna reikningsárs sem hefst 1. janúar 2008 eða síðar á því ári og hins vegar vegna reikningsársins sem hefst 1. janúar 2009. Forsenda heimildarinnar er að skilyrði 8.gr. laganna og reglugerðar 101/2007 séu uppfyllt.

Samtökin fagna framlagningu þessa frumvarps enda hafa þau hvatt til þess að umrædd heimild verði veitt. Samtökin leggja þó áherslu á að skilyrðum sem uppfylla þarf verði rýmkuð og að tímafrestur verði lengdur.

1. Í gildandi lögum er 3. tl. 8 gr. svohljóðandi: „Félög sem hafa meginstarfsemi sína hér á landi en eru með verulegan hluta tekna sinna frá erlendum aðilum í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum, enda teljist hann vera starfrækslugjaldmiðill samkvæmt settri reikningsskilareglu.“  
Lagt er til að í stað þess orðist hún svo:  
„Félög sem hafa meginstarfsemi sína hér á landi en verulegur hluta tekna er í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum eða erlendur gjaldmiðill hefur afgerandi áhrif á söluverð vöru eða þjónustu, enda teljist hann vera starfrækslugjaldmiðill samkvæmt settri reikningsskilareglu.“
2. Breyta þarf dagsetningunni 15. desember í 31. desember í ljósi þess skamma tíma sem er til stefnu.

Breyting 8. gr. samkvæmt ofangreindu er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).

Virðingarfyllst,

  
Friðrik J. Arngrímsson,  
framkvæmdastjóri LÍÚ

  
Arnar Sigurmundsson,  
formaður SF

  
Hannes G. Sigurðsson,  
aðstoðarframkvæmdastjóri SA